



SUÐURNESJABÆR

Suðurnesjabæ, 30. mars 2023  
2303098 JKH

00.36

Innviðaráðuneytið

Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

Efni: Umsögn bæjarráðs Suðurnesjabæjar um drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga og endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Á 116. fundi bæjarráðs Suðurnesjabæjar þann 29. mars 2023 var samhljóða samþykkt eftirfarandi umsögn um framangreint mál:

**Bæjarráð Suðurnesjabæjar gerir alvarlega athugasemdir við drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Frumvarpið byggir á niðurstöðum og tillögum starfshóps um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem kynntar voru nú í mars 2023.**

**Í skýrslu starfshópsins kemur m.a. fram að framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Suðurnesjabæjar mun lækka um 144,4 milljónir króna frá viðmiðunarárinu 2022 þegar breytt kerfi tekur að fullu gildi, eða um 23,4%. Það er ljóst að ef tillögur starfshópsins verða að lögum með samþykkt frumvarpsins og framlag Jöfnunarsjóðs lækka eins og að framan er greint, þá mun það hafa í för með sér mikil og neikvæð áhrif á rekstur Suðurnesjabæjar til að standa undir lögbundinni þjónustu, sem og annarri þjónustu og starfsemi sem sveitarfélög þurfa að halda úti í nútíma samfélagi.**

**Í ákvæði til bráðabirgða V. í drögum að frumvarpinu er gert ráð fyrir að breytingarnar verði innleiddar í áföngum á fjögurra ára tímabili. Fyrstu þrjú árin gildi eldri reglur að hluta til en á fjórða ári taki breytt kerfi gildi að fullu. Bæjarráð Suðurnesjabæjar telur ástæðu til að vekja athygli á lögbundinni skyldu sveitarfélaga til að afgreiða fjárhagsáætlun til 3ja ára til viðbótar við næsta rekstrarár. Samkvæmt því samþykkti bæjarstjórn Suðurnesjabæjar fjárhagsáætlun 2023 auk 3ja ára áætlunar fyrir árin 2024-2026 í desember sl. Í þeirri 3ja ára áætlun er gert ráð fyrir gildandi regluverki Jöfnunarsjóðs varðandi framlög til sveitarfélagsins en ekki þeirri lækkun á framlagi Jöfnunarsjóðs sem lögð er til í tillögum starfshópsins og í frumvarpi til laga. Komi þessar tillögur til framkvæmdar mun stjórnvaldsaðgerð breyta verulega forsendum áætlunarinnar, sem er ekki í þeim anda að stuðlað skuli að sem mestum fyrirsjáanleika í rekstrarumhverfi sveitarfélaga sem á að felast í 3ja ára áætlunum. Verði frumvarpið að lögum er það krafa bæjarráðs Suðurnesjabæjar að aðlögunartími breytinganna verði lengdur úr fjórum árum í sjö ár.**



SUÐURNESJABÆR

**Bæjarráð leggur til að skoðað verði sérstaklega hvort ekki er ástæða til að veita sérstök framlög úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga sem veita þjónustu og taka utan um fylgdarlaus börn sem koma til landsins og falla undir lög um barnavernd. Viðkomandi sveitarfélög þurfa að bera beinan og óbeinan kostnað vegna þessarar þjónustu sem er lögbundin og felur það í sér sérstakar áskoranir fyrir viðkomandi sveitarfélag og á slíkt sérstaklega við um Suðurnesjabæ. Jafnframt er ástæða til að benda á þau vinnubrögð ríkisins að án nokkurs samráðs við sveitarfélög er einstaklingum sem leita til landsins sem flóttamenn og leita eftir alþjóðlegri vernd komið fyrir í búsetu í sveitarfélögum sem ekki hafa gert samning við ríkið um samræmda móttöku flóttamanna. Vegna þessara vinnubrögða ríkisins fellur beinn og óbeinn kostnaður á viðkomandi sveitarfélög, án nokkurs fyrirvara og án samráðs við viðkomandi sveitarfélög. Bæjarráð leggur til að skoðað verði sérstaklega hvort ekki er ástæða til þess að Jöfnunarsjóður veiti viðkomandi sveitarfélögum sérstök framlög til að mæta þeim kostnaði sem um ræðir.**

**Í viðauka við lagafrumvarpið og í skýrslu starfshópsins er yfirlit yfir samsetningu útgjaldastuðuls, þar sem tiltekna eru einstaka breytur og hlutfall bak við hverja breytu. Út frá því er ljóst að breytingar á hlutföllum milli einstaka breyta hafa bein áhrif á útreikning framlaga úr sjóðnum. Bæjarráð Suðurnesjabæjar bendir á að hlutfall barna er hátt í íbúasamsetningu sveitarfélagsins og jafnframt er þjónusta og starfsemi vegna fylgdarlausra barna og flóttafólks íþyngjandi fyrir Suðurnesjabæ. Þá bendir bæjarráð á að fjölgun íbúa sveitarfélagsins hefur verið viðvarandi undanfarin ár með tilheyrandi auknum kostnaði vegna innviða og þjónustu. Samkvæmt fyrirliggjandi forsendum mun íbúum halda áfram að fjölga næstu misseri og ár. Í því sambandi óskar bæjarráð eftir endurskoðun á þeim breytum sem eiga við um framangreint og að forsendur t.d. um viðmið íbúafjölgunar um 2,5% ár ári sí 3 ár verði yfirfarnar sérstaklega í tilviki Suðurnesjabæjar.**

**Bæjarráð leggur til að í útgjaldabreytu verði gert ráð fyrir kostnaði vegna sambærilegrar þjónustu í tveimur stórum byggðarkjörnum, þar sem halda þarf uppi þjónustu í stað þess að færa einstaka starfsemi milli byggðarkjarna. Við þessar aðstæður er meiri fjárförf á mann þegar horft er til útgjaldabæjar.**

**Í tillögum starfshópsins er lagður út tekjuhagkvæmiferill, þar sem m.a. er gengið út frá hámarkstekjum og 80% leiðréttingu milli hámarkstekna og tekjuhagkvæmniferils. Bæjarráð leggur til að tekjuhagkvæmiferill verði aðlagður þannig að hann lækki við hærri íbúatölu en gert er ráð fyrir í módelinu. Suðurnesjabær rekur þjónustu í tveimur álíka stórum byggðarkjörnum sem veldur ákveðnu óhagræði og sú skerðing á framlagi sem tillagan gerir ráð fyrir mun koma verulega niður á þjónustu við íbúana í byggðarkjörnunum.**

Virðingarfyllst

Magnús Stefánsson  
Bæjarstjóri

